

Fundur með fjárlaganefnd Alþingis 27. apríl 2017
Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Ágætu þingmenn,

við viljum þakka fyrir þetta tækifæri til að ræða við nefndina um tillögu fjármála- og efnahagsráðherra til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2018-2022. Það er okkur mikilvægt að fá að koma sjónarmiðum og áherslum Austurlands á framfæri við fjárlaganefnd þó vissulega megi segja að gott hefði verið að fá að koma að vinnu við gerð fjármálaáætlunar á fyrri stigum, ekki síst þar sem hægt hefur verið að ráða af ummælum forystumanna ríkisstjórnarinnar undanfarnar vikur að ekki séu ráðgerðar miklar breytingar á áætluninni.

Rétt er að fagna því að ríkið geri nú áætlanagerð um fjármál sín til lengri tíma. Slíkri áætlanagerð fylgir þó sú ábyrgð að önnur stefnumótun og áætlanagerð ríkisins sé í samræmi við fjármálaáætlun, að þær áætlanagerðir sem ríkið hefur nú þegar sett í gang eða ráðgerir að setja í gang, séu fjármagnaðar og hluti af fjármálaáætlun.

Við undirbúning þessa fundar, var leitað fanga víða. Segja má að undirliggjandi í áherslum sveitarfélaga á Austurlandi sé eftirfarandi kafli úr lögum um byggðáætlun (leturbreyting er höfunda):

Áætlunin skal lýsa stefnu ríkisins í byggðamálum hverju sinni og samhæfingu við aðra stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera. **Byggðáætlun skal hafa að meginmarkmiði að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt.** Sérstaka áherslu skal leggja á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.

Þegar rýnt er í byggðáætlanagerð fyrri ára, er auðvelt að verða svartsýnn á gildi þeirri og virkni. Í áætlun eftir áætlun eru sömu markmið og aðgerðir sem lítið virðist ganga að hrinda í framkvæmd. Eitt þessara verkefna er kortlagning grunnþjónustu:

Byggðastofnun kortleggi með beinum hætti hvar grunnþjónusta opinberra aðila og einkaaðila er staðsett og hversu langt íbúar þurfa að sækja þjónustuna. Þessi kortlagning verði undirstaða frekari stefnumörkunar um staðsetningu opinberrar þjónustu ríkisins (Byggðáætlun 2014-2017).

Í drögum að nýrri byggðáætlun 2017-2023 kemur þetta verkefni aftur fyrir, augljóslega hefur ekki tekist að ljúka því á þeim þremur árum sem fyrri byggðáætlun náði til.

Byggðastofnun haldi áfram að kortleggja með reglubundnum hætti hvar grunnþjónusta opinberra aðila og einkaaðila er staðsett og hversu langt íbúar þurfa að sækja þjónustuna. Þessi kortlagning verði undirstaða frekari



stefnumörkunar um staðsetningu opinberrar þjónustu ríkisins (drög að nýrri byggðaaætlun 2017-2023).

Sömu leiðis segir í drögunum:

Grunnþjónusta heilbrigðis- og velferðarþjónustu verði skilgreind og hvernig réttur landsmanna til hennar verði tryggður óháð búsetu. Heilbrigðisáætlanir lýsi glögglega fyrirhuguðum starfsháttum og samstarfi heilbrigðisstofnana.

Mótuð verði stefna um opinbera þjónustu með markmið um að íbúar landsins, óháð búsetu, njóti sama aðgengis að opinberri grunnþjónustu (drög að nýrri byggðaaætlun 2017-2023).

Satt best að segja verður það að teljast með ólíkindum að ekki sé fyrir lifandis löngu búið að ganga frá skilgreiningu á því hvað teljist vera grunnþjónusta sem allir íbúar landsins eigi rétt á. Með því t.a.m. að skilgreina hvað eigi og þurfi að vera grunnþjónusta á Austurlandi þannig að landshlutinn geti vaxað og dafnað. Íbúar þurfa að vita að með því að velja Austurland sem búsetukost, fari þeir ekki á mis við þá grunnþjónustu sem þeim ber.

Grunnþjónusta á Austurlandi

Hér að neðan verða taldir upp nokkrir liðir sem Samband sveitarfélaga á Austurlandi telur til grunnþjónustu í landshlutanum.

- **Uppbygging samgöngukerfisins.** Ef Austurland á að eiga möguleika til framtíðar verður að byggja upp greiðar samgöngur á milli byggðakjarna og stækka þannig og efla atvinnusóknarsvæðið og hverja einingu. Öðruvísi er erfitt að sjá fyrir sér aukið samstarf eða sameiningu sveitarfélaga á Austurlandi. Þetta þýðir m.a. að tryggja verður framgang vinnu við gerð Fjarðarheiðagangna, við uppbyggingu heilsársvegar um Öxi og uppbyggingu og lagningu slitlags á vegum eins og um hringveginn (Berufjarðarbotn, Skriðdal), til Borgarfjarðar eystri og Hlíðarvegs, svo eitthvað sé nefnt. Slík uppbygging samgöngukerfisins er til lengri tíma ábatasöm, ekki bara fyrir Austurland, heldur samfélagið allt. Það er því brýnt að í fjármálaáætlun sé gert ráð fyrir fjármögnun samgönguáætlunar.
- **Ljósleiðaravæðing Austurlands.** Uppbygging trausts fjarskiptakerfis er grunnþjónusta í dag, rétt eins og uppbygging samgöngukerfisins, og bráðnauðsynleg fyrir allan atvinnurekstur, sama hvers eðlis hann er. Slík uppbygging er á ábyrgð hins opinbera, ekki sveitarfélaga. Samband sveitarfélaga á Austurlandi hefur ítrekað harmað þann farveg sem ríkið hefur sett vinnu við ljósleiðaravæðingu Íslands í, þar sem þau sveitarfélög sem standa illa fjárhagslega eiga erfitt uppdráttar og ábyrgðinni af verkefninu er



velt yfir á sveitarfélögin. Við ljósleiðaravæðingu landsins, gefst kærkomið tækifæri samlegðar, með því að leggja þriggja fasa rafmagn um dreifbýli sem er enn eitt dæmi um grunnþjónustu sem alltof víða stendur dreifbýlinu ekki til boða.

- **Skilgreining innanlandsflugs sem almenningssamgangna.** Enginn landshluti er fjær höfuðborginni, og þeirri þjónustu sem þar er að finna, og Austurland. Innanlandsflug er því gríðarlega mikilvægt fyrir landshlutann en verðlagning flugsins í dag er þess eðlis að hún stendur eðlilegum ferðalögum íbúa landshlutans og gesta fyrir þrifum og rýrir þar með búsetukosti Austurlands. Það er því brýnt að skilgreina innanlandsflug sem almenningssamgöngur þannig að flugfargjöld verði á viðráðanlegu verði og lækkuð um helming, svo íbúar landshlutanna geti nýtt sér flugið. Ekki verður hjá því komist að minnast á almenningssamgöngur innan landshlutans. Samband sveitarfélaga á Austurlandi hefur lýst yfir þungum áhyggjum af þeirri stöðu sem almenningssamgöngur á Austurlandi eru í. Lagaumhverfi þeirra tryggir ekki eða skýrir lagalegt umboð til aksturs og enn er beðið eftir sérstökum lögum um almenningssamgöngur (farþegaflutninga). Vonandi sér fyrir endann á þeirri bið.
- **Heilbrigðisþjónusta.** Sú ríkisstjórn sem nú er við völd hefur sett heilbrigðismál á oddinn. Við ákvörðun fjárframlaga til málaflokksins, er gríðarlega brýnt að horfa ekki einvörðungu til byggingar nýs hátæknisjúkrahúss. Það verður að efla heilbrigðisþjónustu á landsbyggðunum. Samband sveitarfélaga á Austurlandi hefur tekið undir hugmyndir landlæknis hvað varðar öflugri heilsugæslu og samspil sérfræðiþjónustu og sjúkratrygginga í þeim efnum. Heilbrigðisþjónusta í nærumhverfi er einn mikilvægasti grunnþáttur í þjónustu við íbúa, ekki síst á jaðarsvæðum, þar sem samgöngur eru erfiðar og því verða stjórnvöld að taka tillit til þeirra staðhátta sem einkenna Austurland þegar framlög til heilbrigðismála eru ákveðin. Fundurinn varar sérstaklega við því að skert verði sú bráða-, sérfræði- og fæðingarþjónusta, sem nú er veitt á Umdæmissjúkrahúsinu í Neskaupstað enda er það eina sjúkrahúsið frá Akureyri að Selfossi sem veitir sólarhrings bráðaþjónustu og fæðingarþjónustu allan ársins hring. Fjölbreytt starfsemi sjúkrahússins þjónar allt að 12 þúsund íbúum á 16.000 ferkílómetra landssvæði, auk mikils fjölda innlendra og erlendra ferðamanna sem heimsækja Austurland á ári hverju. Ekki verður hjá því komist að nefna sérstaklega ábyrgð heilbrigðisyfirvalda í geðheilbrigðismálum. Á Austurlandi er hvorki til staðar göngudeild geðdeildar né eru fastir starfandi geðlæknar á Austurlandi. Á þetta jafnt við í málefnum barna og fullorðinna.
- **Uppbygging þekkingarsamfélags á Austurlandi.** Samband sveitarfélaga á Austurlandi hefur ítrekað ályktað um háskóla- og rannsóknastarfsemi á vegum ríkisins í landshlutunum en verulega hallar á Austurland í þeim efnum. Þetta



kemur alvarlega niður á möguleikum landshlutans til vaxtar þar sem störf fyrir íbúa með háskólamenntun eru af skorum skammti. Hlutfall háskólamenntaðra á Austurlandi er t.a.m. töluvert undir landsmeðaltali og leiða má að því líkur að kynjahallann á Austurlandi megi að einhverju leyti rekja til þessarar stöðu. Fjarlægðir milli byggðakjarna og erfiðar samgöngur kalla á dreifða þjónustu. Það er ekkert sem rökstyður að Austurland þurfi minna fé til þessara mála en aðrir landshlutar heldur þvert á móti. Brýnt er að efla háskóla- og rannsóknastarfsemi á vegum hins opinbera t.d. með því að efla þær stofnanir sem fyrir eru (Náttúrustofa Austurlands, Breiðdalssetur, Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands) og fjölga opinberum rannsóknatengdum störfum á svæðinu. Þá verður háskólastigið að móta sér skýrari stefnu hvað varðar fjarnám og fjölgun námsleiða sem í boði eru. Skipulagi þess verði þannig háttað að það sé raunhæfur kostur fyrir nemendur.

- **Mikilvægi framhaldsskólamenntunar í heimabyggð.** Á Austurlandi hafa verið starfandi þrjár framhaldsskólar og einn lýðháskóli. Þrátt fyrir fyrirheit um að hagnaður sem til yrði við styttingu framhaldsskólanáms í þrjú ár myndi skila sér til framhaldsskólanna í auknu rekstrarframlagi, sér þess ekki stað til lengri tíma í fjármálaáætlun. Þetta er mikið áhyggjuefni, ekki síst þar sem rannsóknir sýna að því lengur sem ungmenni dvelja í heimabyggð, þeim mun líklegri eru þau til þess að snúa aftur að háskólanámi loknu. Brýnt er að ljúka við endurmat verknáms og að til hliðsjónar verði haft þjóðhagslegt mikilvægi þess. Þá þarf Austurland að geta boðið upp á fjölbreytt nám sem stenst samanburð við það besta sem gerist, ekki síst nám sem tengist þeim margvíslegu möguleikum sem svæðið býður upp á.
- **Sóknaráætlun Austurlands.** Árið 2015 undirritaði ríkið samninga um sóknaráætlun við öll landshlutasamtökin. Ljóst er að ef markmið samningsins eiga að nást verður að tryggja þeim til frambúðar umtalsvert aukið fjármagn. Þessir samningar eru gríðarlega mikilvægir fyrir alla framþróun í atvinnu og nýsköpun, að ekki sé minnst á menninguna sem er mikilvæg forsenda þess að íbúar vilji búa á Austurlandi. Þróun framlaga til samningsins hefur verið á þá lund að framlag mennta- og menningarmálaráðuneytis hefur nánast staðið í stað. Veruleg ástæða er til að hafa áhyggjur af afdrifum mennta- og menningarmála og því mikla faglega starfi sem unnið hefur verið í þessum málaflokki ef ekki verður bætt úr. Þannig er nú útlit fyrir að þær þrjár menningarmiðstöðvar sem reknar eru á Austurlandi verði að draga verulega úr starfsemi sinni eða jafnvel loka dyrum sínum. Til að fyrirbyggja misskilning, er rétt að áréttta að framlag til menningarhúss á Fljótsdalshéraði er stofnframlag, ekki rekstrarframlag, og Austurland er einn landsfjórðunga án menningarhúss (skv. viljayfirlýsingu í október 2016 og áformum ríkisstjórnarinnar árið 1999).



Að endingu er vert að nefna að mikilvægt er að renna styrkari stoðum undir tekjustofna sveitarfélaga. Útgjöld sveitarfélaga hafa vaxið og verkefnum fjölgað, en tekjuliðir hafa ekki fylgt þeirri þróun. Mikilvægt er að sveitarfélög fái aukna hlutdeild í heildarskatttekjum samfélagsins. Ýmsar atvinnugreinar, s.s. ferðapjónusta, skapa tekjur í heimabyggð en kalla einnig á aukin útgjöld, bæði við ferðamannastaði og við ýmsa innviði samfélagsins. Flýta verður vinnu við það hvernig styrkja megi almennan tekjugrundvöll sveitarfélaga svo þau geti sinnt lögbundnu þjónustuhlutverki sínu á sómasamlegan hátt. Þá er það skoðun Sambands sveitarfélaga á Austurlandi að sveitarfélög eigi að njóta tekna af nýtingu náttúruauðlinda, meðal annars með hlutdeild í veiðigjöldum og skatttekjum af orkuframleiðslu og dreifingu raforku. Þess utan er vert að halda því til haga að hækkun útsvarstekna í hinum dreifðu byggðum er yfirleitt lægri þar en á höfuðborgarsvæðinu og/eða í grennd við vaxtarsvæði. Sú afstaða ríkisins að það verði að halda að sér höndum vegna merkja um aukna þenslu, hefur gríðarleg áhrif á landið allt þó þensluna megi í flestum tilfellum rekja til stórra framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu. Brýnt er að ríkið geri ráð fyrir innspýtingu á atvinnulíf og framkvæmdir á stöðum sem standa fjær vaxtarsvæðum, t.a.m. á Austurlandi.

Austurland hefur á liðnum árum stigið stór skref í átt samvinnu og hagræðingar innan landshlutans til að tryggja lífvænleika hans og framtíð. Árið 2012 voru allar stoðstofnanir Austurlands sameinaðar í eina, Austurbrú, og var þar sannarlega um frumkvöðlastarf að ræða. Árið 2014 hófst vinna við Hönnun áfangastaðarins Austurlands (e. Destination Design East Iceland) sem vakið hefur verðskuldaða athygli og á liðnu ári hófst vinna við sameiginlegt svæðisskipulag fyrir landshlutann allan, hið fyrsta sinnar gerðar á landinu.

Fjármálaáætlun ríkisins þarf að endurspeglja þann vilja að byggð geti þrífist út um land allt, að íbúar geti treyst því að þeir njóti þeirrar grunnþjónustu sem þeir eiga sannarlega rétt á. Hún þarf að endurspeglja þá trú ríkisins að landshlutarnir átta eigi framtíð fyrir sér og geti þrífist og dafnað. Það væri skýrasta byggðastefnan.

F.h. Sambands sveitarfélaga á Austurlandi,

Sigrún Blöndal, formaður stjórnar
Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála



